

1872. Helga Hálfðánarsyni, um það, að honum allramildilegast verði veitt
28. febrúar. persónuleg launabót, að minnsta kosti 400 rd. á ári, gefst yður til
vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að það,
sem með þarf í þessu skyni, hefir verið tekið upp í áætlunina
um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, sem
allramildilegast var staðfest 26. þ. m.

28. febrúar. **29. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins
og biskupsins á Íslandi, um húsleigustyrk handa stú-
dentum á prestaskólanum.**

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi
herra, með bréfi 8. júní f. á. senduð hingað fjárhagsáætlun presta-
skólans fyrir reikningsárið 1872—73, hafið þér farið þess á
leit, að veittur verði húsleigustyrkur handa 18 stúdentum við
tæðan skóla, 40 rd. handa hverjum, eða alls 720 rd., í stað þess,
að áður var að eins veittur til þessa styrkur handa 10, þangað
til í fyrra¹, en þá fengu hann 14.

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á útaf
þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leið-
beiningar og til þess þér birtíð það, að það fè, sem með þarf
til þessa, er veitt með áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir
reikningsárið 1872—73, sem allramildilegast er staðfest 26. þ. m.

29. febrúar. **30. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um styrk til kennslu ómála
barna.**

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á við dóms-
málastjórnina útaf bænarskrá, sem þér, herra stiptamtmaður, sem
konungsfulltrúi á alþingi í fyrra hafið sent hingað, og þar sem

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 232.

1872.

29. febrúar.

Páll prestur Pálsson sækir um árlegan fjárstyrk, ámeðan hann stendur fyrir heyrnar- og málleysingja kennslu þeirri, sem hann með leyfi stjórnarinnar hefir stofnað á Íslandi, gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið hefir veitt sækjandanum fyrir reikningsárið frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873 20 rd. styrk fyrir hvern, sem hann hefir til kennslu, en eigi handa fleirum en 10. Þessi styrkur er bundinn við það skilyrði, at Páll prestur Pálsson skuldbindi sig til, að kenna uppá eigin kostnað hæfum manni aðferð við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo framarlega sem stiptyfirvöldin kynni að leggja honum það fyrir og þegar að því kemur. Því skal við bætt, að landfógeta hefir í dag verið skrifað, að borga fjárstyrk þenna úr jarðarbókarsjóði Íslands, þegar þér gjörð tilkall til hans.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 29. febrúar.
yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.

Með þessu bréfi sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873, sem staðfest er með konungsúrskurði 26. þ. m.; að því leyti, er snertir útborgun launa embættismanna og launa viðbóta, sem tilfærð eru á meðfylgjandi fylgiskjali, bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851 og bréf dómsmálastjórnarinnar 4. marz f. á.¹

Um leið og vèr — — — — til leiðbeiningar.²
 (Samhljóða 2. kafla í bréfi dómsmálastjórnarinnar 4. marz f. á.)

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 145.

²) Hin íslenzka stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar skrifaði sama dag stiptyfirvöldunum um fjárhagsáætlunina.